

Alþingi
Erindi nr. P 139/352
komudagur 23.11.2010



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Húsavík 23. nóvember 2010

Varðar umsögn um tillögu til þingsályktunar um olíu- og gasrannsóknir, 71. mál

Framsýn- stéttarfélag hefur fengið til umsagnar tillögu frá Iðnaðarnefnd Alþingis til þingsályktunar um olíu- og gasrannsóknir á landgrunni Íslands undan Norðausturlandi, 71. mál.

Framsýn- stéttarfélag hefur lengi verið þeirrar skoðunar að mikilvægt sé að landgrunnið undan Norðausturlandi verði kannað betur með það í huga að komast að því hvort olíuvæn setlög eða gas sé að finna á landgrunninu. Samkvæmt mati vísindamanna eru vísbendingar um að olía leynist í setlögum á svæðinu. Ljóst er að miklir hagsmunir eru í húfi fyrir land og þjóð sé horft til framtíðar. Ekki þarf að fara mörgum orðum um mikilvægi þess fyrir efnahag þjóðarinnar ef olía og gas finnast í vinnanlegu magni á landgrunni Íslands. Þess vegna, ekki síst, er mikilvægt að málið verði skoðað ýtarlega og niðurstaða liggja fyrir sem fyrst.

Framsýn- stéttarfélag styður heilshugar framkomna þingsályktunartillögu um olíu- og gasrannsóknir á landgrunni Íslands undan Norðausturlandi.

Frekari upplýsingar gefur undirritaður.

Virðingarfyllst!

Fh. Framsýnar- stéttarfélags

Aðalsteinn A. Baldursson
STÉTTARFÉLAG ÞINGEYINGA